

Umhverfismat vegaáætlana

Sebastian Peters og Stefán Gunnar Thors, VSÓ Ráðgjöf

Sumarið 2001 sendi Evrópuráðið frá sér tilskipun um umhverfismat skipulags- og geiraáætlana og þurfa íslensk stjórnvöld að innleiða hana og staðfesta eigi síðar en sumarið 2004. Tilskipunin mun hafa áhrif á áætlanagerð Vegagerðarinnar og er þetta þróunarverkefni hluti af nauðsynlegum undirbúningi til þess að gera grein fyrir umfangi slíks mats og hver verði helsti ávinningur Vegagerðarinnar.

Í áðurgreindri tilskipun er umhverfismat skilgreint sem:

Kerfisbundið ferli til að meta afleiðingar stefnumótunar, skipulags eða áætlana á umhverfið í þeim tilgangi að tillit verði tekið til afleiðinganna og fjallað um þær eins snemma og hægt er í ákvörðunarferli og á sama hátt og um efnahagsleg og félagsleg sjónarmið. Þá kemur fram í markmiðslýsingu tilskipunarinnar að hún skuli stuðla að sjálfbærri þróun.

Umhverfismat áætlana byggir á sambærilegri aðferðafræði og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Að öllum líkindum verður langtímaáætlun í vegagerð matsskyld, þar sem hún er hluti af samgönguáætlun. Að mati skýrsluhöfunda verður umhverfismat unnið fyrir einstaka geira í samgöngum, þ.e.a.s. fyrir vegagerð, skipa- og flugsamgöngur. Hins vegar mun endanleg matsskylda áætlana ekki liggja fyrir fyrr en tilskipunin hefur verið innleidd hér á landi.

Ferli umhverfismats

Mikilvægt er að vinna við umhverfismat sé unnin samhliða áætlanagerð, en ekki sem einangrað verkefni. Lagt er til að vinnsluferlið verði sambærilegt og á mynd 1.

Verkferill áætlanagerðar Vegagerðarinnar er ekki mjög skýrt afmarkaður eða skilgreindur. Með tilkomu umhverfismats og þeirra krafna sem því fylgir þarf að endurskoða og skilgreina betur formlegt ferli vegaáætlunar. Til þess að auðvelda undirbúning og innleiðslu umhverfismats þarf Vegagerðin að leggja áherslu á eftirtalda fjóra þætti:

1. Verkefnisstjórnun fyrir umhverfismat áætlana.

Vegagerðin skilgreini vinnuhóp fyrir umhverfismatsvinnu, sem hefur faglega umsjón með því að matið uppfylli kröfu laga og reglugerðar.


2. Stefnumótun og skilgreining markmiða og leiða.

Vegagerðin skilgreini rökstudd markmið vegaáætlana. Stefnumörkun tekur m.a. mið af samgönguáætlun, umhverfisstefnu Vegagerðarinnar, skipulagsáætlunum og öðrum geiraáætlunum.

3. Samráð við yfirvöld, stofnanir, sérfræðinga og almenning.

Vegagerðin skilgreini aðkomu almennings, hagsmunahópa, leyfisveitenda og sérfræðinga að einstökum stigum umhverfismatsins. Lagt til að takmarka þátttöku almennings við almennar kynningar og upplýsingar á Netinu.

4. Skilgreining viðmiða vegna umhverfismats.



Mynd 1. Tillaga að ferli umhverfismats og áætlanagerð Vegagerðarinnar

Ávinningur umhverfismats vegaáætlana

Heildarsýn yfir áætlanir og áhrif þeirra á umhverfið. Horft er til landnotkunar á stórum svæðum og þróun svæðisins m.t.t. áætlunar. Heildarsýn tryggir jafnframt að samræmi verði milli einstakra áætlana.

Umhverfið og sjálfbær þróun verða mikilvægar forsendur við ákvarðanatöku strax við áætlanagerð og því er frekar tryggt að litið verði til þeirra á sama hátt og til efnahagslegra og félagslegra forsendna.

Valkostir eru lykilatriði við umhverfismatsvinnu og samanburður á þeim. Litið er til ólíkra stefnumótunar og markmiða og við samanburð þeirra verður tekið á kostum og göllum mun fyrir en áður hefur verið gert á Íslandi.

Sveigjanleiki, þar sem umhverfismatið er unnið snemma á ferli ákvarðanatöku gefst mun betra svigrúm til að bregðast við mögulegum neikvæðum áhrifum eða mismunandi hugmyndum um stefnumörkun og markmið.

Skýrari stefnumörkun og áætlanagerð, með vel skilgreindu verklagi þar sem litið er til markmiða, leiða, umhverfisáhrifa, annarra áætlana og leitað samráðs við hagsmunaaðila, stofnanir og almenning. Umhverfismat vegaáætlana leggur síðan grunninn að mati á umhverfisáhrifum einstakra vegaframkvæmda og auðveldar þá vinnu til muna.